

Alþingi
Erindi nr. P 139/1152
komudagur 17.1.2011



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2011

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, þskj. 426 – 348. mál.

BSRB telur mikilvægt að sett séu lög um skipan rannsóknarnefnda. Það er mikilvægt að um þær gildi skýrar reglur og að starfsreglur þeirra liggi ljósar fyrir. BSRB telur skipan slíkra nefnda framfaraspor og skref í átt til aukins lýðræðis og gagnsæis í stjórnkerfinu.

BSRB setur hins vegar spurningarmerki við 11. grein frumvarpsins, sem kveður á um að ákvæði upplýsingalaga og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gildi ekki um störf rannsóknarnefndar. BSRB geldur varhug við því að binda slíkt í lög og telur eðlilegra að viðkomandi rannsóknarnefnd sækji um undanþágu frá umræddum lögum telji hún þörf á því.

Hið sama gildir um að ákvæði stjórnsýslulaga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi ekki, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. BSRB telur eðlilegra að reglan sé sú að þau lög gildi, en í undantekningartilfellum, að undangengnu mati, sé hægt að víkja frá þeirri reglu sé þörf á því.

Loks telur BSRB óeðlilegt að ekki sé hægt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar við umboðsmann Alþingis. BSRB telur að það sé ekki í samræmi við kröfuna um gagnsæ vinnubrögð og opna stjórnsýslu. Það getur boðið hættunni heim að stofna til nefndar með jafn viðamikil völd og hér er fyrirhugað en afnema það aðhald sem kvörtun til umboðsmanns Alþingis óneitanlega er.

Fyrir hönd BSRB

Handwritten signature of Kolbeinn Ottarsson Fróppé in black ink.
Kolbeinn Ottarsson Fróppé